



Reykjavík 30.10.2025

Efni: Tillaga um flokkun Kjalölduveitu og virkjunarkosta í Héraðsvötnum í biðflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar (Mál nr. S-142/2025)

Samtök ferðaþjónustunnar hafa yfirfarið tillögu ráðherra um breytingu á flokkun Kjalölduveitu og virkjunarkosta í Héraðsvötnum og vilja að því tilefni koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Endurtekin rulla

Þetta er ekki fyrsta skiptið sem slík endurmat fer fram fyrir þessa kosti. Árið 2023 gerði Alþingi breytingar á tillögum og óskaði eftir því að tiltekin atriði í mati verkefnastjórnar væru skoðuð nánar. Ráðherra fól verkefnastjórn meðal annars að vinna endurmat á þeim virkjunarkostum sem nú á að aftur að endurmeta. Niðurstöður endurmatsins voru birtar á samráðsgátt í lok árs 2023. Þar taldi verkefnastjórn ekki ástæðu til að gera breytingar á fyrra mati og lagði til að þeir virkjunarkostir sem nú um ræðir yrðu settir í verndarflokk. Nú er það svo að verkefnastjórn verndar- og orkunýtingaráætlunar fer einungis með ráðgefandi hlutverk gagnvart ráðherra. Alþingi fer síðan með endanlegt ákvörðunarvald. Engu að síður mætti ætla að mat verkefnastjórnar vegi töluvert í allri umræðu um virkjunarkosti.

Almennt um rammaáætlun

Samtökin hafa áður lýst yfir ánægju með fagleg vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð við flokkun virkjanakosta. Greinilega er tekið tillit til þátta sem snerta fjölbreytta nýtingu á landsvæðum og náttúrvernd með framtíðarhagsmuni þjóðarinnar í huga. Bent hefur verið á að núverandi ferli sé þungt og dragi verulega úr framkvæmdum virkjana. Það ýti undir smærri virkjanir sem standa utan rammans, þar sem orkukostir séu í raun vannýttir. Ferlið er ekki gallalaust en það er þó faglegt og samtökin þekkja ekki betra ferli. Þá benda samtökin á að sú seinkun sem orðið hefur á ferlinu síðasta áratuginn hefur að stærstum hluta orðið vegna afar hægrar málsmeðferðar á Alþingi og síst við faglega hluta ferilsins að sakast.

Samtökin ítreka að ferðaþjónusta og orkuvinnsla geta farið vel saman. Hins vegar ber að hafa í huga að yfir 80 prósent erlendra ferðamanna sækja Ísland heim vegna óspilltrar náttúru. Því er mikilvægt að halda landslagsheildum óröskuðum og viðhalda þannig þeirri sérstöðu sem landið hefur sem ferðamannaland.

Tillaga að breytingum á flokkun virkjunarkosta

Samtökin hafa áður lýst yfir ánægðu með flokkun verkefnastjórnar þegar kemur að Héraðsvötnum og Kjalöldu. Vatnasvæði Héraðsvatna og þar með jökulárnar í Skagafirði eru mjög mikilvæg fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og eru möguleikar flúðasiglinga ein helsta

undirstaða ferðapjónustu á svæðinu. Þá má nefna að Austari Jökulsá er oft talin með betri stöðum í Evrópu til að stunda flúðasiglingar.

Þjósárver eru einstakar gróðurvinjar á hálendi Ísland sem voru friðlýst árið 1981. Virða verður á allan hátt hina viðkvæmu náttúru svæðisins þ.m.t. vatnasvið veranna. Það er mat samtakanna að í nálægð Kjalölduveitu við Þjósárver sé fólgin áhætta fyrir svæðið og því hafa samtökin því talað fyrir því að Kjalalda eigi að falla undir verndarflokk.

Lokaorð

Samtökin hafa í gegnum tíðina lagt áherslu á að miðhálendið verði starfsvettvangur ferðþjónustu í gegnum friðlýsingu svæða. Vinna þarf markvisst að verndun og skynsamlegri nýtingu þeirrar auðlindar sem náttúra Íslands er, bæði í nútíð og langri framtíð. Það er augljóslega hagur allra landsmanna að vernda þá auðlind landsins sem felst í óspilltri náttúru og þá er fínt að minna á að hin óspillta náttúra Íslands á sér fáa líka í Evrópu.

Samtök ferðapjónustunnar leggjast gegn því að þeir virkjunarkostir sem um er rætt verði færðir í biðflokk. Þjósárver eru of mikilvægt náttúrusvæði til þess að tekin verði áhætta sem mögulega gæti haft áhrif á svæðið. Héraðsvötnin eru að stóru leiti lífæð ferðapjónustu í Skagafirði og eru með fremstu flúðasiglingasvæða Evrópu.

Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF - Samtaka ferðapjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason

Framkvæmdarstjóri